

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 7. apríl 2022

Breytingartillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs við tillögu fulltrúa ungmennaráðs Breiðholts um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkur:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið vinni að því að endurskoða og draga úr kynjaskiptingu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar samhliða því að auka þekkingu og meðvitund um áhrif kynjakerfisins, stöðu allra kynja og hinseginleika. Í þessari vinnu skal huga að því við hvaða tilefni og með hvaða hætti kynjaskipting getur stuðlað að auknu jafnrétti og valdeflingu án þess þó að hún sé útilokandi. Einnig skal tryggja að í kynjablöndun sé hugað að áhrifum kyns og jafnrétti allra. Útfærsla verði í höndum Jafnréttisskóla þar sem sérstök áhersla er á fræðslu, ráðgjöf, miðlun upplýsinga og gerð námsefnis varðandi kynja- og hinsegin málefni. Nánara skipulag verður eftir því sem þarf í samráði við skólaráð í grunnskólum og foreldraráð í leikskólum.

Greinargerð

Mikilvægt er að tryggja sýnileika, viðurkenningu og þekkingu á trans og intersex börnum í skólakerfinu, þ.m.t. kynsegin börnum og þarf skólastarf að taka mið af þeim. Kynjaskipting getur verið útilokandi og skapað vandamál fyrir trans og intersex börn og um leið ítrekað hugmyndir um kynjamun og staðalmyndir kynjanna. Þess vegna er æskilegt að kynjaskipting sé einungis notuð að vel ígrunduðu og rökstuddu máli sem leið að ákveðnu markmiði og að innan hennar sé gert ráð fyrir kynsegin einstaklingum. Í kynjablöndun er þó einnig mikilvægt að huga að áhrifum tvíhyggjukynjakerfisins og hvernig það getur litað skólastarf. Það er því ávallt mikilvægt að stjórnendur og starfsfólk skóla sé meðvitað um áhrif kyns og hinseginleika í störfum sínum og tryggi rými fyrir öll.